

# Ársfundur faghóps félagsliða 11. apríl 2011

## Skýrsla stjórnar

### Félagsliðar að hefja sitt sjöunda starfsár

Frá því að fyrstu félagsliðarnir útskrifuðust í desember 2004 hefur starfssvið félagsliða tekið talsverðum breytingum. Í upphafi störfuðu þeir nánast eingöngu við heimaþjónustu hjá Reykjavíkurborg. Nú starfa hins vegar jafn margir félagsliðar hjá hinum ýmsu hjúkrunarheimilum. En einnig fer þeim fjölgandi sem starfa hjá einkareknum aðilum og sumir hverjir við persónulega notendastýrða þjónustu. Líklegt er að sú tegund af þjónustu muni aukast. Launakjör og sammingsumhverfi félagsliða er hins vegar mismunandi eftir því hvar þeir starfa. Það er því mikilvægt að bera saman laun milli þessara hópa og mun það verða eitt af þeim viðfangsefnum sem skoða þarf sérstaklega í komandi kjarasamningum.

### Yfir þrjátíu ára aðdragandi að námi Félagsliða og stöðug framþróun

Á ársfundi Faghóps Félagsliða sem haldinn var 19. apríl 2010 fór Þórunn Sveinbjörnsdóttur, fyrrum varaformaður Eflingar yfir upphaf félagsliðanámsins og rakti sögu þess allt aftur til ársins 1974 þegar Sókn lagði grunninn að námi í umönnun. Það er því alveg ljóst að mikið hefur áunnist á síðustu árum og starfsumhverfið í stöðugri framþróun. Meðal annars má nefna að nú er í undirbúningi flutningur frá Hvassaleiti í Síðumúla þar sem meðal annars verða til hópar, annars vegar þríhópar og hins vegar innlitshópar, sem munu höfða til félagsliða fyrst og fremst. Ef vel tekst til mun þetta verða yfirfært á fleiri starfsstöðvar.

### Yfirfærsla á þjónustu við fatlað fólk og aldraða frá ríki til sveitafélaga.

Um síðustu áramót fluttist þjónusta við fatlaða frá ríki til sveitafélaga og fengu þá um 1500 starfsmenn nýjan vinnuveitanda. Árið 2012 er síðan fyrirhugað að þjónusta við aldraða færist einnig yfir til sveitafélagana en það er mun stærri hópur sem fellur þar undir, bæði hjá notendum og starfsmönnum. Við flutninginn um síðustu ármót komu upp ýmis álitamál sem snúa að félagsliðum, t.d. varðandi launakjör og starfskjör. Greinilegt er að þessi flutningur var ekki nógu vel undirbúinn og margir hnútar voru óleystir í upphafi. Vel hefur gengið

að greiða úr ýmsum málum en margt er þó óleyst, sérstaklega varðandi launakjör. Til stendur að fá lausn þeirra mála í komandi kjarasamningum.

Vonandi hafa aðilar lært af þessu og geta nýtt sér þann lærdóm þegar málefni aldraðra verða flutt yfir á næsta ári.

### **Framhaldsnám.**

Undanfarin ár hefur verið í boði framhaldsnám fyrir félagsliða í alzheimer sjúkdómnum sem mjög margir hafa nýtt sér, nánast allir sem höfðu lokið námi 2009. Hlé hefur nú verið gert á því námi og hafið er nýtt nám um fatlanir og fór fyrsti hópurinn af stað á haustdögum 2010. Það mun hefjast aftur í haust og verður það kynnt í Eflingarblaðinu í sumar.

Alzheimer námið mun svo verða tekið aftur upp síðar þar sem nýjum félagsliðum fjölgar stöðugt.

### **Upplýsingar um faghóp félagsliða á heimasíðu Eflingar.**

Á síðasta starfsári var opnað sérstakt svæði á heimasíðu Eflingar þar sem hægt er að nálgast ýmsar upplýsingar um faghóp félagsliða. Vefslóðin er: <http://efling.is/faghopar/felagsliðar> Þar eru til dæmis lög faghópsins aðgengileg og upplýsingar um hverjir sitja þar í stjórn hverju sinni. Hugmyndin er að þessi síða verði tengill félagsliða til að fá upplýsingar og koma á framfæri upplýsingum til stjórnar faghópsins, til Eflingar og til annarra félagsliða. Við viljum eindregið hvetja ykkur til að kynna ykkur þær upplýsingar sem þar er að finna og eins þykir okkur vænt um og gagnlegt að fá ábendingar um efni sem að þið vilduð sjá þar inni.

### **Framtíðarsýn**

Eins og fram hefur komið er verksvið og starfsumhverfi félagsliða í stöðugri þróun. Félagsliðar verða allir sem einn að vera vakandi yfir tækifærum, réttindum og skyldum og vera óhræddir við að takast á við ábyrgð og áskoranir, þannig tryggjum við best virðingu og eftirspurn eftir starfsheitinu **félagsliði**.